

**Tillaga 2. frá Ungmennaráði Hafnarfjarðar lögð fyrir bæjarráð Hafnarfjarðar
þann 15. maí 2019 í Hafnarborg**

Mikilvægi kynjafræðslu - Birta Guðný Árnadóttir

**2. Lagt er til að efla kynjafræðslu fyrir börn og ungmenni í grunnskólum
Hafnarfjarðar**

Ágæti bæjarstjóri bæjarstjórn og aðrir gestir.

Það er mikilvægt fyrir krakka á grunnskóla aldri að fá kynjafræðslu. Kynjafræði er regnhlíf hugtak yfir félagsfræðigreinar sem hafa helgað sig um fróðleik kynjana. Kynjafræði er ekki bara grein fyrir hinsegin OG kynsegin einstaklinga heldur líka fyrir gagnkynhneiga einstaklinga. Kynjafræði snýst ekki bara um að fræða um kyn heldur líka um kvennabaráttu, samkynhneigð, kynvitund og markt fleira.

Kynjafræði er hlutur sem að verður að fræða um þar sem að samfélagið hefur breyst mikið á undanförunum árum og krakkar eru byrjaðir að finna sig á grunnskóla aldri og skilgreina sig kanski sem eitthvað annað en stelpa eða strákur.

Einstaklingar sem að skilgreina sig t.d. sem hán vilja ekki nota persónu-fornöfn eins og hann eða hún heldur vilja þau nota það eða þau. Það er ekki sjálfgefið að vita hvaða fornöfn maður á að nota þegar maður talar við hán. Það getur verið erfitt fyrir manneskju sem er hán að vera kallað stelpa eða strákur og nnara og stuðla að persónufrelsi. Það er einnig mikilvægt að fólk læri um kynjafafnrétti þar sem að gott er að vera meðvitaður um þau réttindi sem maður hefur.

Einstaklingur sem fæddur er stelpa en skilgreinir sig sem strákur þykir erfitt þegar hann er kallaður stelpa en upplifir sig sem strákur. Þetta getur tekur mikið á sálina hjá einstaklingum og getur verið villandi fyrir einstaklingin sem á í samskiptum við hann. Það getur verið óþægilegt þegar maður veit ekki hvernig maður á að tala við einstakling sem upplifir sig sem einhvað annað en líffræðilega kyn sitt.

Þetta eru nokkrar ástæður afhverju mig finnst skipta miklu máli að kenna kynjafræði í grunnskólum. Gott er að byrja snemma að upplýsa samfélagið og móta það. Með því verðum við öll meira opinn fyrir nýjum hlutum sem við skiljum ekkert endilega sjálf. Eg vona að þið séuð með sömu skoðun og ég, ef ekki þá svipaðar.

Takk fyrir mig